

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag frístundalóðar nr. 9000-1080 við Krókatjörn í landi Miðdals.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundalóðar nr. 9000-1080 við Krókatjörn í landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 18. ágúst 2004.

Skipulagstillagan tekur til spildu, þjóðskrárn. 9000-1080, sem er 5,6 ha að stærð úr landi Miðdals við Krókatjörn. Í deiliskipulaginu eru þrjár lóðir sameinaðar í eina og hús rifin. Jafnframt er heimilt að reisa 110 m² frístundahús og 20 m² geymsluhús. Spildan er á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint frístundabyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 15. september 2004.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.